

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd Alþingis  
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. mars, 2004

Umsögn um: Þingsályktunartillögu um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna, 139. mál og um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 138. mál.

---

Barnaheill senda eina umsögn vegna ofangreinda mála þar sem efni þeirra tengist mjög.

Barnaheill taka undir markmiðin með frumvarpinu en setja stórt spurningamerki við það hvort þetta frumvarp nái þeim eða geri ákvæðið skýrara eða glegggra. Í 2. mgr. 210. gr. annars vegar og 209. gr. hins vegar eru ákvæði sem taka yfir þá háttsemi sem frumvarpið vill gera refsiverða.

Barnaheill fagna umræðunni sem hefur átt sér stað við gerð frumvarpsins og þingsályktunartillögunnar en telja að heildarendurskoðun á kynferðisafbrotakaflanum að því er varðar brot gegn börnum sé orðin brýn.

Í frumvarpinu er talað um að senda börnum kynferðislegt eða klámfengið efni. Staðreyndin er hins vegar sú að í fæstum tilfellum er verið að senda efni heldur að auðvelda aðgang að ólöglegu og/eða skaðlegu efni. Til glöggvunar getum við tekið dæmi um ólöglegt efni sem er vistað (staðsett) hvar sem er í heiminum en barnið getur í gegnum vinsælar íslenskar vefsíður smellt á krækju sem hleypir þeim inn á þetta ólöglega efni.

Hvað varðar efni þingsályktunartillögunnar telja Barnaheill að það að gera netþjónustuaðila ábyrga sé mjög erfitt í framkvæmd. Tökum dæmi: Síminn er með hýsingarþjónustu. Það þýðir að Síminn rekur netþjóna. Síminn veitir viðskiptavinum sínum aðgang að netþjónum sínum gegn gjaldi. Einn viðskiptavinurinn hefur áhuga á barnaklámi og setur upp vefsíðu á netþjóni Símans með barnaklámi. Barnaheill fá ábendingu um þetta og lætur lögreglu í Reykjavík vita af því. Lögreglan hefur samband við Símann og fær þar að vita hver setti upp vefsíðuna. Lögreglan fær Símann til að fjarlægja efnið af netþjóninum sem Síminn gerir fúslega. En hver er ábyrgur? Síminn eða sá sem setti upp vefsíðuna?

Barnaheill hafa nú rekið ábendingalínu gegn barnaklámi síðan 31. október 2001 og öðlast við það mikla reynslu og skoðað málið frá mörgum hliðum. Verkefnið kallast "Stöðvum barnaklám á Netinu". Vegna þessa eru samtökin tilbúin, ef þess er óskað, til að skipuleggja t.d. hálf dags fræðslufund á milli aðila sem málið snertir eins og þingmanna, internetþjónustuaðila, lögreglu og annarra er málið snertir.

Virðingarfyllt,

Guðbjörg Björnsdóttir, formaður Barnaheilla

  
